

Laxa- og silungsklak á Íslandi

Einar Hannesson

Fyrsta laxaklak hér á landi af mannavöldum fór fram á Reynivöllum í Kjós árið 1884. Hins vegar munu bleikjuhrogn fyrst hafa verið frjóvguð af mannavöldum að Garði í Mývatnssveit til fiskræktar í Svartárvatni í Bárðardal haustið 1883, eftir því sem best er vitað.

Í vetur eru því liðin 110 ár frá því að fyrst var klakið út silungi með þessu hætti hér á landi. Laxa- og silungsklak á seinustu tugum 19. aldar og fyrra helmingi þessarar er merkur þáttur í sögu fiskræktar hér á landi, sem rétt þykir að rekja hér að nokkru.

Brautryðjendur

Í skriflegri heimild, sem Guðrún E. Jónsdóttir frá Reykjahlíð hefur látið höfundu greinar þessarar í té, segir frá því að fyrir tilstuðlan afa hennar, Einars Friðrikssonar, bónda í Svartárkoti, hafi Arni Jónsson, bóndi í Garði við Mývatn, útvegað nýfrjóvguð hrogn, sem flutt voru að Svartárvatni. Í frásögn föður Guðrúnar, Jóns Frimans Einarssonar, síðar bóndi í Reykjahlíð við Mývatn, greinir frá því „þegar hann á 12. ári fór fótgangandi með fyrstu hrognin frá Garði að Svartárkoti haustið 1883 þar sem þeim var klakið út og seiðunum sleppt í Svartárvatn til að kynbæta silungsstofn vatnsins. Slíkur flutningur silungshrognna úr Mývatni tókadist síðar árlega um áratugar skeið á vegum Einars, en hann var bóndi í Svartárkoti á árunum 1871-1895. Hann lét útbúa aðstöðu fyrir hrognin í Myllulæk, sem kemur úr lindum skammt frá Svartárvatni og fellur í það.“ Þar mun fyrst hafa verið gert byrgi en síðan var byggt þar klakhús í læknunum, sem var rétt við gamla bæinn í Svartárkoti en bærinn hafði verið fluttur að vestanverðu vatnsins, við útrennsli Svartár, sem fellur til Skjálfandafjöts.

Laxaklacið á Reynivöllum stóð

hins vegar stutt, aðeins í einn vetur. Ári síðar var laxaklak tekið upp á Þingvöllum við Óxará og að Hjarðarholti í Laxárdal í Dalasýslu hófst klak um svipað leyti en síðar. Þar var að verki Guttormur, sonur séra Jóns Guttormssonar í Hjarðarholti, sem hafði kynnt sér klak í Noregi. Á fyrsta áratug þessarar aldar, 1910, hófst skipulegt silungaklak á Ytri-Neslöndum við Mývatn vegna fiskræktar í Mývatni og síðar fylgdi í kjölfarið aukin klakstarf hér og þar um landið.

Á þriðja áratugnum var sérstakur leiðbeinandi á þessu sviði á vegum Búnaðarfélags Íslands. Þetta var Þórður Flóventsson, en áður hafði Gísli Árnason frá Skútustöðum, síðar bóndi á Helluvaði, sem hafði kynnt sér klakmál í Noregi árin 1919-1921, unnið að ráðgjöf meðal bænda 1921-1923. Þórður

Flóventsson, sem bjó á sínum tíma í Svartárkoti, hafði afskipti af byggingu um 30 klakstöðva víðsvegar um land. Flestir voru þessir klakkofar frumstæðir, miðað við núverandi frágang slíkar mannvirkja, eins og eðlilegt er, enda sumir byggðir á einum degi. Í bók Þórðar, „Laxa- og silungsklak á Íslandi“, sem út kom árið 1929, segir m.a.: „Fyrst þarf vatnslind sú, sem byggja á yfir, að spretta upp úr grjóti og að gras sé allt í kring um uppsprettuna, svo að ábyggilegt sé, að engin óhreinka geti runnið í vatnið áður en það fer inn í klakhúsið. Það má ekki eiga sér stað.“

Ólafur Sigurðsson á Hellulandi starfaði síðar sem fiskræktarráðunautur á vegum Búnaðarfélagsins á fjórða áratugnum og fram á miðjan þann fimmta. Árið 1946 komu



Svartárkot í Bárðardal. Ljósmyndir: Einar Hannesson.



Núverandi ábúendur í Svartárkoñ, Elin Baldvinsdóttir og Tryggvi Harðarson.

til framkvæmda ákvæðin um embætti veiðimálastjóra, í löggjöfinni frá 1933, með skipun Pórs Guðjónssonar sem veiðimálastjóra, og þessi málefni komust í umsjá embættis hans.

Klakhús víða

Í þessu sambandi má nefna jarðir þar sem klakstöðvar voru á árunum 1921-1927 og störfuðu langflestar, sbr. heimild í fyrrgreindri bók: Elliðavatn, Bjarmaland í Reykjavík, Grjóteyri í Kjós, Dragháls, Stóra-Fellsöxl, Norðtungu, Hreðavatn, Staðarhraun, Syðri-Rauðamelur, Staðastaður, Vatnsholt, Höskuldsstaðir og Glerárskógar í Dölum, Núpur í Dýrafirði, Melgraseyri, í Húnavatnssýslu: Hrutatunga, Búrfell, Torfastaðir og Bjarg, Burstarfell í Vopnafirði, Þverhamar í Breiðdal, Berufjörður, Hvalsnes og Hofsnæs í Austur-Skaftafellssýslu, Seglbúðir og í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu, Pá Hlíð í Gnúpverja-

hreppi, Gröf og Laugarvatn, Búrfell, Vaðnes, Alviðra, Bíldsfell, Úlfjótuvatn og Heiðarbær í Þingvallasveit, allar í Árnessýslu.

Elliðaárklak í 60 ár

Auk fyrrgreindra klakhúsa var á

tímabilinu eftir 1920 og fram yfir seinni heimsstyrjöldina rekið klak víða um land um lengri eða skemmri tíma, eins og klakhús Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Elliðaár, sem hóf starf 1932, og mun eiga að baki lengstan starfstíma allra klakhúsa á landinu. Auk þess voru klakhús á eftirtöldum jörðum: Hvassafelli í Norðurárdal, Leiðólfsstöðum í Dölum, Þórustöðum í Öndunarfirði, Ísafjarðarkauptúni, Laugalandi í N-Ísafjarðarsýslu, Bergstöðum í Svartárdal, Brúum við Laxá í Þingeyjarsýslu, Geiteyjarströnd og Garði við Mývatn, Krossdal í Kelduhverfi, Flögu í Pistilfirði, Kirkjubæ í Hróarstungu, Velli á Héradí, Mörtingu í V-Skaftafellssýslu, í Krappanum hjá Fiská, Stokkalæk í Rangárvallasýslu, Grafarlandi hjá Högnastöðum í Hrunamannahreppi, Eyvindartungu í Laugar- dal, Kaldárhöfða í Grímsnesi og Skálabrekku í Þingvallasveit. Víst er að hér er ekki um tæmandi skrá að ræða.

Að hjálpa náttúrunni

Menn töldu að með klakrekstrinum væri unnt að hjálpa náttúrunni og gera stóra hluti. Með aukinni þekkingu á þessu sviði kom sú vitneskja innan tíðar fram í dagsljósið að náttúran sjálf stæði sig mun betur en menn höfðu áður



Myllulækur sem fellur í Svartárvatn. Vinstra megin á myndinni sést móta fyrir Klakkofastæðinu.

talið, afföllin kæmu til sögunnar síðar í lífsferli seiðanna. Þetta sýndist því vera óþarfi og átti að sjálfsgöðu við þegar menn drógu á veiðivötnin og náðu í stofnfisk og slepptu síðan kvíðpokaseiðum á svæði í ám og vötnum þar sem fiskurinn hefði ella hrygnt sjálfur.

Af fyrrgreindum ástæðum og ýmsu öðru lagðist þessi klakstarfsemi smám saman af og menn létu náttúrunni eftir að vinna sitt verk, eins og áður. Við reynsluna af klakrekstri kom einnig í ljós, að oft klöktust hrognin fyrr út í klakhúsinu, vegna hærra hitastigs í uppspretturni en í ánni eða vatninu. Þegar svo háttáði til var viðkomandi vatn í raun ekki tilbúið að taka við seiðum úr klakhúsinu, svo að vel færi.

Jákvað hugarfarsbreyting

Menn kunna því að spyrja, hvort klakstarfsemin hafi öll verið unnin fyrir gýg? Nei, svo var alls ekki. Oft var seiðum úr klakhúsi sleppt á fisklaus svæði í á eða vatni. Einnig hafði með tilkomu klaksins komið hugarfarsbreyting. Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri, benti á það á sínum tíma, að í tengslum við þetta klakstarf hafi komið upp að menn fóru að leggja meiri rækt við þessi hlunnindi almennt og nýting þeirra verið yfirleitt hagfelldari en áður. Heildarlöggjöfin um lax- og silungsveiði, sem fram kom 1932 og lagði grundvöll að hagstæðri þróun í veiðimálum seinustu 60 ár, var kannski einmitt afleiðing af klakbylgjunni eftir 1920.

Á árunum 1942-1946 stóðu tveir bændur í Kelduhverfi, þeir Þórarinn Jóhannesson, Krossdal, og Þórarinn Haraldsson, Laufási, að silungseldi í Litluá í tengslum við klakrekstur í Krossdal. Þar með hófst fiskeldi hér á landi, en það er önnur saga, sem ekki verður farið nánar út í að þessu sinni.

Einar Hannesson er starfsmaður Landsambands veiðifélaga en var áður fulltrúi á Veiðimálastofnun.

Erfitt að selja hollenska tómata

Að sögn þýska blaðsins Frankfurter Allgemeine eiga hollenskir tómataframleiðendur við mjög alvarleg söluvandamál að stríða.

Það sem veldur því er m.a. 40% samdráttur í sölu á tómötum á Þýskalandsmarkaði milli ára 1992 og 1993. Þetta hefur mjög mikið að segja fyrir Hollendinga þar sem 85% af framleiðslu þeirra hefur farið til Þýskalands.

Þessi söluvandamál hafa komið mjög hart niður á hollenskum framleiðendum og hafa margir þurft að leita til opinberra styrktarsjóða um aðstoð.

Ein af ástæðunum fyrir þessum vanda er sögð vera aukin eftirspurn eftir tómötum árin 1988-1991. Afleiðingar af því urðu síðan verðhækkningar og auknar fjárfestingar í tómataræktun í Hollandi, Frakklandi, á Spáni og í Marokkó. Lægri stofnkostnaður og sérstaklega lægri vinnulaun á Spáni og í Marokkó juku vandamál Hollendinga, á sama tíma og þeir urðu að taka á sig auknar álögur vegna

umhverfissjónarmiða heima fyrir. Meðal annars eiga Holendingar að draga úr eiturefnanotkun um 60% til ársins 2000.

Slæmur orðrómur.

Auk þess eiga hollenskir tómatar ekki upp á pallborðið hjá þýskum neytendum. Þeir líta á hollenska tómata sem bragðlausu gervitómata. Stór hluti kaupenda kaupir heldur þrjá heimaframleidda eða ítalska tómata en átta hollenska.

Athuganir hjá neytendasamtökum á Bonnsvæðinu hafa ekki sýnt mikinn mun á bragði eða eiturefnainnihaldi milli hollenskra og spænskra tómata en þýski markaðurinn er mjög kröfuharður í þeim efnum.

Að sögn Frankfurter Allgemeine hafa Hollendingar í árunum rás vanmetið kröfur um umhverfsvæna ræktun sem kemur nú niður á sölu og veldur verðhruni.

(Garmeryrket nr. 18, 1993).

Æðarfugl eða æðarkóngur

Í myndatexta með forsiðumynd í 20. tbl. er sagt að myndin sé af æðarkóngum ásamt æðarkollu. Jónas Helgason í Æðey hafði samband við blaðið og taldi að til vinstri á myndinni væri kynblendingur af æðarkollu og æðarkóngi, en slíkan kynblending hefði hann séð meðal æðarfugla í Æðey.

Til fróðleiks um æðarfugla og skyldar tegundir fylgir hér á eftir stuttur kaflí úr grein eftir Jón Guðmundsson líffræðing sem birtist í 12. tbl. Freys árið 1984.

„Æðarfugl, sem á latínu kallast *Somateria mollissima*, telst til andfugla. Til eru tvær aðrar æðarteg-

undir, Gleraugnaæður (*Somateria fisheri*), sem lifir á svæðinu kringum Beringssundið, og æðarkóngur (*Somateria spectabilis*), sem á sér varpheimkynni á flestum eyjum Norður Íshafsins, svo sem á Norður-Grænlandi, Ellesmereeyju í Kanada og á Frans Josephs landi, sem er eyjaklasi austur af Svalbarða. Þessar tegundir eru frábrugðnar hinum eiginlegu öndum að því leyti að þær eru sjöfuglar og halda lítið til á fersku vatni eins og aðrar endur.“